

## REGLUGERÐ

### um viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna sendinga af kjúklingakjötti, hænueggjum og kalkúnakjötti.

#### 1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að koma á viðbótartryggingum (samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004) vegna salmonellu í sendingum til Íslands af kjúklingakjötti, hænueggjum og kalkúnakjötti.

#### 2. gr.

Sýnatökur af kjötti sem um getur í 1. gr. og örverufræðilegar prófanir á þeim sýnum skulu gerðar í samræmi við 3. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1688/2005.

Sýnatökur í upprunahópi eggja sem um getur í 1. gr. og örverufræðilegar prófanir á þeim sýnum skulu gerðar í samræmi við 4. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1688/2005.

Sendingum af kjötti sem um getur í 1. gr., skulu fylgja viðskiptaskjöl sem eru í samræmi við þá fyrirmynd sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1688/2005.

Sendingum af eggjum sem um getur í 1. gr. skulu fylgja skírteini sem eru í samræmi við þá fyrirmynd sem sett er fram í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1688/2005.

#### 3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirlit og stjórn Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli og með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) nr. 001/19/COL, dags. 16. janúar 2019, þar sem heimilaðar voru viðbótartryggingar í tilviki Íslands, sbr. reglur um viðbótartryggingar vegna salmonellu sem er að finna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2020.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, xx. ágúst 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.